

# Héraðsdómur Vesturlands

Dómur 19. febrúar 2020

Mál nr. E-66/2018:

**Protabú Pressunnar ehf.**

*(Kristján B. Thorlacius lögmaður)*

**gegn**

**Birni Inga Hrafnssyni**

*(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 22. janúar sl., var höfðað 25. ágúst 2018 af þrotabúi Pressunnar ehf., Laugavegi 7 í Reykjavík, gegn Birni Inga Hrafnssyni, Másstöðum II á Akranesi.

Stefnandi krefst þess að rift verði með dómi veðsetningum stefnanda á eignum sínum með lánasamningi, dagsettum 10. júní 2017, milli Pressunnar ehf. og stefnda, og tryggingarbréfi, dagsettu sama dag. Nánar tiltekið er vísað til eftirfarandi veðsetninga:

- „a) Allsherjarveð í Pressunni ehf., kt. 420702-2640,
- b) Firmanafnið og vörumerkið „Eyjan“, vefmiðillinn [www.eyjan.is](http://www.eyjan.is) og lénið „[www.eyjan.is](http://www.eyjan.is)“, sem er í eigu lántaka, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir,
- c) Firmanafnið og vörumerkið „Bleikt“, vefmiðillinn [www.bleikt.is](http://www.bleikt.is) og lénið „[www.bleikt.is](http://www.bleikt.is)“, sem er í eigu lántaka, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir,
- d) Firmanafnið og vörumerkið „433“, vefmiðillinn [www.433.is](http://www.433.is) og lénið „[www.433.is](http://www.433.is)“, sem er í eigu lántaka, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir, og
- e) Firmanafnið og vörumerkið „Pressan“ og útgáfuréttur Pressunnar, sem er í eigu lántaka, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir.“

Stefndi krefst þess einnig að rift verði með dómi „yfirtöku Frjálsrar Fjölmiðlunar ehf. á skuld stefnanda við stefnda skv. lánasamningi, dags. 10. júní 2017, milli stefnanda og stefnda, að fjárhæð kr. 80.000.000,-, sem gerð var á grundvelli kaupsamnings Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. og Pressunnar ehf., dags. 5. september 2017.“ Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda 80.000.000 króna, aðallega með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og

verðtryggingu frá 5. september 2017 til greiðsludags, en til vara með vöxtum samkvæmt 8. gr. sömu laga frá 5. september 2017 til 16. september 2018 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá er í öllum tilvikum krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að þær verði lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með úrskurði héraðsdóms 21. maí 2019 var kröfu stefnda um frávísun málsins hafnað.

Dómara var falin meðferð málsins með bréfi dómstólasýslunnar frá 5. desember 2018, sbr. 6. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, en með úrskurði 13. nóvember 2013 vék sá dómari sem fór með málið sæti.

## I

### *Helstu málsatvik*

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 2017 var Pressan ehf. tekin til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 19. september sama ár. Félagið rak áður ýmiss konar útgáfustarfsemi, svo sem dagblöð og vefmiðla á borð við pressan.is, eyjan.is og bleikt.is. Þá átti Pressan ehf. hlut í öðrum félögum sem voru í fjölmiðlarekstri, svo sem DV ehf.

Stefndi var einn stofnenda Pressunnar ehf. og stjórnarformaður félagsins frá stofnun þess og fram til 1. desember 2017. Á árinu 2016 vann stefndi ásamt öðrum að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins og leitaðist meðal annars við að fá fjárfesta að félaginu. Í byrjun árs 2017 var ákveðið að skuldum félagsins við tiltekna hluthafa skyldi breytt í hlutafé. Unnið var að hlutafjárhækkun og mun meðal annars hafa verið fyrirhugað að Fjárfestingafélagið Dalurinn ehf. kæmi inn í félagið og skráði sig fyrir umtalsverðri fjárhæð. Hlutafé í félaginu var hækkað í byrjun árs 2017 og voru tvær tilkynningar vegna þessa móttækna hjá fyrirtækjaskrá 27. febrúar 2017. Ráðið verður af skýrslu stjórnar vegna hlutafjárhækkunar 12. janúar 2017 að greitt hafi verið fyrir hlutafé tiltekinna aðila, þar með talið stefnda, með umbreytingu á kröfum á hendur Pressunni ehf. sem námu 416.000.000 króna. Um vorið 2017 var tilkynnt um nýja stjórn stefnanda í fjölmiðlum og kom meðal annars fram að stefndi myndi stíga til hliðar. Það mun þó ekki hafa gengið eftir og virðist hin nýja stjórn ekki hafa komið saman. Stefndi lýsir atvikum um vorið 2017 með þeim hætti að af hálfu Fjárfestingafélagsins Dalsins ehf. hefði 10. maí 2017 verið útbúið skuldabréf þar sem gert hefði verið ráð fyrir því að félagið lánaði stefnanda 185.000.000 króna. Jafnframt hefði verið útbúið tryggingarbréf sem tók til 200.000.000 króna og hefði það verið gefið út af DV ehf. annars vegar og Vefpressunni ehf. hins vegar. Síðari viðræður hafi hins vegar leitt til þess að hætt hafi verið við útgáfu skuldabréfsins og hafi lánið því ekki verið veitt. Hins vegar hafi umræddu tryggingarbréfi ekki verið eytt, þvert á

væntingar stefnda, heldur hafi því verið þinglýst. Þá hafi forsvarsmenn Fjárfestingafélagsins Dalsins ehf. tilkynnt stefnda 11. maí 2017 að ekki yrði af fyrirhugaðri hlutfjárukningu, sem og að af þeim stjórnarskiptum sem áður hefðu verið tilkynnt yrði ekki. Hafi stefndi og Arnar Ævarsson framkvæmdastjóri Pressunnar ehf. þá aftur tekið við stjórn félagsins.

Það er óumdeilt að vorið 2017 lá fyrir að fjárhagslega staða félagsins var slæm og voru meðal annars gerð fimm árangurslaus fjárnám á tímabilinu 22. febrúar til 17. ágúst 2017, auk þess sem kröfuhafar beindu 13 beiðnum um gjaldþrotaskipti til Héraðsdóms Reykjavíkur á árinu 2017.

Hinn 10. júní 2017 var gerður lánasamningur á milli Pressunnar ehf. og stefnda þar sem stefnandi lofaði að taka að láni og stefndi lofaði að lána 80.000.000 króna, sbr. grein 2.1. Tekið var fram að andvirði lánsins skyldi renna óskipt til lántaka eða dótturfélaga hans í samræmi við fyrirmæli lántakans, sbr. grein 2.2. Þá kom fram í grein 2.4 að lánið skyldi endurgreiða með einni greiðslu að 12 mánuðum liðnum frá undirritun lánasamningsins, það er 10. júní 2018. Fjallað var um tryggingar í grein 3.1 og tekið fram að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu lánsins tæki lánveitandi eftirfarandi að veði með fyrsta veðrétti: „a) allsherjarveð í Pressan ehf., kt. 420702-2640; b) firmanafnið og vörumerkið „Eyjan“, vefmiðillinn [www.eyjan.is](http://www.eyjan.is) og [www.eyjan.is](http://www.eyjan.is) og lénið „[www.eyjan.is](http://www.eyjan.is)“, sem er í eigu lántaka, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir, c) Firmanafnið og vörumerkið „Bleikt“, vefmiðillinn [www.bleikt.is](http://www.bleikt.is) og lénið „[www.bleikt.is](http://www.bleikt.is)“, sem er í eigu lántaka, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir, d) Firmanafnið og vörumerkið „433“, vefmiðillinn [www.433.is](http://www.433.is) og lénið „[www.433.is](http://www.433.is)“, sem er í eigu lántaka, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir, og e) Firmanafnið og vörumerkið „Pressan“ og útgáfuréttur Pressunnar, sem er í eigu lántaka, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir.“ Fram kom í grein 3.2 að um tryggingar vísaðist nánar til tryggingarbréfs, sem væri útgefið af Pressunni ehf. til lántaka, til tryggingar á efndum skuldbindinga við lánveitanda sama dag og lánasamningurinn væri undirritaður. Undir lánasamninginn ritaði stefndi sem lánveitandi, en fyrir hönd lántakans Pressunnar ehf. var samningurinn undirritaður af stefnda og Arnari Ægissyni þáverandi framkvæmdastjóra félagsins.

Samhliða undirritun lánasamningsins gaf Pressan ehf. út handhafatryggingarbréf, sem er jafnframt dagsett 10. júní 2017, til tryggingar á greiðslu skulda við stefnda og er fjárhæð þess 80.000.000 króna. Í tryggingarbréfinu, sem er meðal gagna málsins, kemur fram að handhafa, það er stefnda, séu veðsett þau andlög sem jafnframt voru tilgreind í grein 3.1 í lánasamningnum. Fyrir hönd útgefanda var tryggingarbréfið undirritað af stefnda og Arnari Ægissyni. Það liggur fyrir að hvorki lánasamningnum né tryggingarbréfinu var þinglýst.

Hinn 5. september 2017 var undirritaður kaupsamningur á milli Pressunnar ehf. og Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. um kaup þess síðarnefnda á tilteknum eignum stefnanda. Samkvæmt samningnum var umtalsverður hluti eigna og reksturs Pressunnar ehf. seldur, svo sem vefmiðlar, lén og skrifstofubúnaður. Kaupverð hins selda nam 276.000.000 króna. Fram kom í grein 2.2 að 160.000.000 króna skyldu greiddar með reiðufé og að skuld Vefpressunnar ehf., dótturfélags stefnanda, við Íslandsbanka hf., sem nam 36.000.000 króna, skyldi yfirtekin. Þá skyldi Frjáls fjölmiðlun ehf. yfirtaka skuldabréf útgefið af Pressunni ehf. til stefnda að fjárhæð 80.000.000 króna. Hinn 14. september 2017 var gerður viðauki við kaupsamninginn. Samkvæmt óundirrituðu eintaki viðaukans er peningagreiðslan tilgreind 190.000.000 krónur, en hin yfirtekn skuld Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. við stefnda 50.000.000 krónur. Það virðist óumdeilt að viðaukinn hafi ekki verið undirritaður og aldrei tekið gildi.

Í kjölfar sölunnar voru gerðar upp ýmsar skuldir, þar með talið við tollstjóra vegna opinberra gjalda. Eftir stóðu umtalsverðar skuldir, svo sem við tollstjóra, lífeyrissjóði og aðra viðskiptamenn stefnanda. Kröfulýsingafresti lauk 28. febrúar 2017 og námu lýstar kröfur í búið samtals 315.696.702 krónum, en þar af námu forgangskröfur 38.807.197 krónum. Við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti var staða bankareiknings stefnanda 5.524.345 krónur. Aðrar eignir í búinu voru eignarhlutir í Vefpressunni ehf. og DV ehf. sem bæði hafa verið úrskurðuð gjaldþrota, sem og félögin Eyjan Media ehf. og Eyjan Miðlar ehf., sem stefnandi kveður hafa neikvæða fjárhagsstöðu. Þá ríkir óvissa um innheimtu nokkurra útistandandi krafna í eigu stefnanda. Skiptastjóri seldi eignarhlut stefnanda í tilteknum staðarblöðum til rekstraraðila blaðanna fyrir 9.700.000 krónur. Andvirði seldra eigna, innstæður á bankareikningi og innheimtar útistandi kröfur voru á skiptafundi 20. mars 2018 taldar nema um 17.500.000 krónum.

Með bréfi skiptastjóra stefnanda til stefnda 16. ágúst 2018 var lýst yfir riftun á yfirtöku Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á skuld Pressunnar ehf. við stefnda samkvæmt skuldabréfi að fjárhæð 80.000.000 króna. Jafnframt var stefndi krafinn um endurgreiðslu sömu fjárhæðar.

## II

### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að fram komi á viðskiptamannayfirliti stefnda hjá félaginu að framan af ári 2017 hafi honum verið greiddar töluverðar fjárhæðir vegna endurgreiðslu á lánum. Þetta megi sjá þrátt fyrir að stefndi hafi breytti allri skuld félagsins við sig í hlutafé í byrjun árs 2017. Sú niðurfærsla sé staðfest í bókhaldi félagsins þar sem staða stefnda er tilgreind núll krónur hinn 4. janúar 2017. Samkvæmt yfirliti úr bókhaldi félagsins hafi skuld stefnda við stefnanda numið 26.466.396 krónum 10. júní 2017 þegar lánasamningurinn var gerður.

Lögð er áhersla á að bókhald Pressunnar ehf. beri þess engin merki að félagið hafi skuldað stefnda 80.000.000 króna. Þá beri færslur á bankareikningum félagsins þess ekki heldur merki að stefndi hafi lánað félaginu umrædda fjárhæð, en þær séu í samræmi við bókhald félagsins. Þessi gögn styðji því ekki fullyrðingar stefnda um að lánið hafi verið veitt.

Stefnandi telur ljóst að með kaupsamningi Pressunnar ehf. og Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. frá 5. september 2017 hafi síðargreint félag tekið að sér að greiða stefnda skuld samkvæmt lánasamningnum. Þannig komi fram að hluti kaupverðs hafi verið greiddur með yfirtöku á „skuldabréfi útgefnu á Pressuna ehf. við að fjárhæð kr. 80.000.000.“ Fyrir mistök hafi nafn stefnda fallið út úr kaupsamningnum, en nafn hans sé tilgreint sem kröfuhafa í viðauka við kaupsamninginn frá 14. september 2018. Jafnframt hafi fyrrum fyrirsvarsmenn félagsins staðfest í yfirheyrslum hjá skiptastjóra að samið hefði verið um yfirtöku Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á lánasamningi Pressunnar ehf. við stefnda og að um skuld vegna lána hans til félagsins hafi verið að ræða.

Krafa stefnanda um riftun á veðsetningu eigna Pressunnar ehf. er byggð á 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. einnig 2. mgr. greinarinnar. Á þessum grunni geti skiptastjóri krafist riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem kröfuhafi fékk á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, en ekki um leið og stofnað var til skuldarinnar. Stefndi segist sjálfur hafa lánað umrædda fjárhæð í nokkrum greiðslum og sé því ljóst að greiðslan hafi ekki verið innt af hendi samhliða undirritun lánasamnings aðila eða útgáfu tryggingarbréfs 10. júní 2017. Þá sé ósannað að stefndi hafi lánað stefnanda umræddar fjárhæðir, en fyrir liggja að stefndi hafi fengið greiddar umtalsverðar fjárhæðir af reikningum stefnanda á fyrri hluta ársins 2017 og hafi innborganir stefnda því að hluta til verið endurgreiðslur vegna lána félagsins til hans. Byggt er á því að 137. gr. hafi að geyma hlutlæga riftunarheimild og þurfi stefnandi eingöngu að sýna fram á veðsetningu án samhliða lánveitingar til að skilyrði riftunar séu uppfyllt. Heimild til riftunar sé því óháð huglægri afstöðu, en engu að síður sé ljóst að stefnda sem fyrirsvarsmanni félagsins hafi verið að fullu kunnugt um slæma fjárhagslega stöðu þess og greiðsluferfiðleika. Hafi hann gengið frá veðsetningunni til að tryggja hagsmuni sína á kostnað annarra kröfuhafa, enda hafi hann setið beggja megin borðsins við undirritun tryggingarbréfsins. Jafnframt er tekið fram að skjölum vegna umræddra veðsetninga hafi ekki verið þinglýst og séu þær einnig riftanlegar af þeirri ástæðu. Það sé ljóst að veðsetningin sé til tjóns fyrir stefnanda, enda ósannað að raunveruleg skuld hafi staðið henni að baki og hafi kröfuhöfum verið mismunað. Þá stangist umrædd veðsetning á við veðsetningar á firmanafninu Eyjan og léninu og vefmiðlinum [www.eyjan.is](http://www.eyjan.is), sem þinglýst hafi verið á fyrsta veðrétt umræddra eigna á grundvelli tryggingarbréfs vegna

skulda stefnanda við Fjárfestingafélagið Dalinn ehf. frá 10. maí 2017 sem hafi verið mótttekið til þinglýsingar 16. sama mánaðar. Einnig sé ljóst að veðsetningin hafi farið fram innan sex mánaða frests samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991, en stofnað hafi verið til hennar 10. júní 2017 og frestdagur sé 19. september sama ár.

Stefnandi byggir kröfu um riftun á yfirtöku Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á skuld Pressunnar ehf. við stefnda samkvæmt lánasamningi frá 10. júní 2017 í fyrsta lagi á því að umrædd yfirtaka teljist vera gjafagerningur og sé því riftanleg á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991. Við mat á því hvort ráðstöfun í aðdraganda gjaldþrotaskipta geti talist gjafagerningur beri að líta til þess hvort hún feli í sér skerðingu á eignum þrotamanns og auðgun móttakanda gjafarinnar. Það hafi einnig þýðingu hvort tilgangur ráðstöfunarinnar hafi verið örlætisgerningur. Verði því að skoða hvort endurgjald hafi komið fyrir umrædda ráðstöfun og hvort samræmi sé á milli endurgjalds og ráðstöfunarinnar. Gagnkvæmir samningar, þar sem verulegur munur sé á verðmæti greiðslu og endurgjalds, geti falið í sér gjöf í þessari merkingu. Það sé ósannað að Pressan ehf. hafi 5. september 2017 skuldað stefnda 80.000.000 króna. Byggt sé á því að kaupsamningur Pressunnar ehf. og Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. feli í sér yfirtöku á tilbúinni skuld samkvæmt umræddum lánasamningi og í því felist gjöf til stefnda á umræddum fjármunum. Sé því ráðstöfunin til tjóns fyrir stefnanda og auðgunar fyrir stefnda, en vegna yfirtökunnar hafi fjárhæð sem nam 80.000.000 króna ekki runnið í bú stefnanda sem hluti af kaupverði eigna félagsins heldur til stefnda. Jafnvel þó að stefnandi hafi skuldað stefnda einhverja fjármuni samkvæmt bókhaldi félagsins sé hin yfirtekna skuld umtalsvert hærri og mikill munur á verðmæti greiðslu og endurgjalds. Sé því ótvírætt um að ræða örlætis- og gjafagerning. Huglæg afstaða stefnda skipti ekki máli, en stefndi hafi þó verið meðvitaður um slæma stöðu og ógjaldfærni félagsins, bæði fyrir og eftir sölu á eignum félagsins og megintekjulindum þess. Hann hafi einnig vitað að fjárhæð hinnar yfirteknu skuldar væri mun hærri en skuldastaða Pressunnar ehf. gagnvart honum í bókhaldi félagsins og að ráðstöfunin væri honum í hag en til tjóns fyrir félagið.

Jafnframt er byggt á því að yfirtaka Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á skuld samkvæmt fyrrgreindum lánasamningi sé riftanleg á grundvelli hinnar almennu riftunarreglu 141. gr. laga nr. 21/1991. Sú háttsemi stefnda og fyrirsvarsmanna Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. að semja um yfirtöku skuldarinnar við stefnda, sem stjórnarformann Pressunnar ehf., hafi verið ótilhlýðileg, enda hafi verið yfirtekin veruleg skuld sem átti sér ekki stoð í bókhaldi stefnanda. Þá hafi kröfuhöfum verið gróflega mismunað með þessari ráðstöfun. Gerð hafi verið upp skuld við stefnda, sem hafi átt óverulegan hluta skulda stefnanda, en ekkert verið greitt til annarra kröfuhafa sem áttu yfirgnæfandi meirihluta ógreiddra skulda. Ráðstöfunin hafi því verið til hagsbóta fyrir stefnda á kostnað annarra kröfuhafa og leitt til þess að umræddir fjármunir voru ekki fyrir hendi til

greiðslu skulda þrotabúsins. Bent er á að eignir búsins samanborið við lýstar kröfur séu óverulegar og muni stór hluti þeirra renna í skiptakostnað. Eftirstöðvar eigna félagsins muni aðeins duga til að greiða brot af forgangskröfum, en krafa stefnda í búið hafði eingöngu stöðu almennrar kröfu. Við mat á því hvort greiðslur teljist ótilhlýðilegar beri samkvæmt dómaframkvæmd einnig að líta til þess að skuld stefnda samkvæmt umræddum lánasamningi var yfirtekin mánuðum eftir að umrædd lán áttu að hafa verið innt af hendi. Þá hafi ráðstöfunin ekki verið vegna endurskipulagningar á fjárhag stefnanda eða til að bjarga verðmætum, heldur eingöngu til að tryggja hagsmuni stefnda. Stefndi hafi verið beggja vegna borðsins sem kröfuhafi og fyrirsvarsmáður seljanda við söluna og undirritun kaupsamnings 5. september 2017. Hann hafi því verið að fullu meðvitaður um að þessar ráðstafanir væru ótilhlýðilegar. Þá hafi Pressan ehf. verið ógjaldfær bæði fyrir og eftir sölu eigna félagsins. Nær allt kaupverð hins selda hafi runnið til greiðslu skulda við kröfuhafa og hafi meðal annars verið greiddar skuldir við tollstjóra eftir söluna sem námu 104.960.860 krónum. Engu að síður hafi tollstjóri lýst kröfu í búið sem nemi 53.731.814 krónum, en lýstar kröfur í búið hafi alls numið 315.696.702 krónum. Hafa beri í huga að við sölu á öllum verðmætustu eignum félagsins hafi tekjuflæði orðið lítið sem ekkert og engan veginn dugað til greiðslu skulda félagsins. Hafi stefnda verið þessi staða að fullu ljós sem stjórnarformanni félagsins.

Stefnandi byggir skaðabóta- og endurgreiðslukröfu sína einkum á 1. og 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Umræddar ráðstafanir séu riftanlegar á grundvelli 131. og 137. gr. laganna. Stefnda, sem fyrirsvarsmanni Pressunnar ehf., hafi verið fullkunnugt um ógjaldfærni og bága fjárhagsstöðu félagsins, sem og um riftanleika ráðstafananna. Séu því uppfyllt skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Þá séu skilyrði til riftunar samkvæmt 141. gr. einnig uppfyllt, sem og skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laganna. Tjón þrotabúsins samsvari þeirri skuld sem hafi verið yfirtekin og nemi 80.000.000 króna, en stefnandi hafi aldrei fengið þann hluta kaupverðsins til ráðstöfunar og beri stefnda að greiða umrædda fjárhæð í skaðabætur. Um sök og bótaskyldu stefnda er vísað til þess sem áður greinir um fjárhagslega stöðu félagsins og aðgerðir stefnda í aðdraganda gjaldþrotsins. Háttsemi stefnda sé í það minnsta gáleysi, en kunni að teljast til ásetnings í skilningi skaðabótaréttar. Þá eigi sömu sjónarmið við um endurgreiðslukröfu á hendur stefnda.

Hvað varðar kröfu um dráttarvexti vísar stefnandi til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Aðallega er byggt á því að miða beri upphafsdag dráttarvaxta við 5. september 2017 þegar samið hafi verið um yfirtöku fyrrgreindrar skuldar. Til vara beri stefnda að greiða vexti af skaðabótakröfunni samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 5.

september 2017 til 16. september 2018, en dráttarvexti af kröfunni frá þeim tíma þar sem mánuður hafi þá verið liðinn frá því að riftun var lýst yfir og skaðabóta krafist.

### III

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi vísar meðal annars til þess að það hafi blasað við að Pressan ehf. yrði gjaldþrota í byrjun september 2017 yrði ekkert gert. Tekist hafi að halda félaginu gangandi yfir sumarið með greiðslum frá stefnda í samræmi við lánasamning hans og stefnanda frá 10. júní 2017. Stefndi hafi í reynd fjármagnað félagið árum saman með lánum og persónulegum ábyrgðum þar sem hann þótti hafa meira lánstraust en félagið. Hafi því ekki verið um fyrsta lán stefnanda til félagsins að ræða og hafi stefndi til að mynda látið mánaðarlega greiðslu fyrir umsjón með sjónvarpsþættinum Eyjunni á stöð 2, sem nam 1.600.000 krónum, renna til stefnanda sem lán um þriggja ára skeið.

Sumarið 2017 hafi stefndi tekið umtalsvert fé að láni til að endurlána stefnanda og DV ehf. samkvæmt lánasamningnum. Stefndi hafi þannig staðið straum af launagreiðslum og haldið gjöldum sem félagið þurfti að greiða tollstjóra í skilum. Að kröfu þeirra sem lánuðu stefnda hefði verið útbúið tryggingarbréf sem nam 80.000.000 króna. Með umræddum lánasamningi 10. júní 2017 hafi stefndi lánað stefnanda og dótturfélögum 80.000.000 króna og hafi stefnanda borið að endurgreiða lánið tólf mánuðum síðar. Til tryggingar á efndum hafi stefndi sem lánveitandi tekið tryggingar í nánar tilteknum verðmætum í eignum stefnanda, líkt og fyrirleggjandi tryggingarbréf beri með sér. Lánasamningurinn hafi tekið til heildarfjármögnunar og hafi verið um að ræða það sem í bankageiranum kallist lánalína, en stefndi hafi fengið greiðslur samkvæmt samningnum eftir þörfum og þá dregið á lánalínuna. Hinn 5. september 2017 hafi Frjáls fjölmiðlun ehf. keypt ýmis verðmæti af stefnda og hafi kaupverðið meðal annars verið greitt með yfirtöku á umræddum lánasamningi. Hafi stefndi og stjórn stefnanda talið andvirði hins selda nægilegt til að greiða upp skuldir stefnanda og DV ehf., auk þess sem viðskiptin hafi tryggt fjölda starfa og treyst fjölmiðla í sessi.

Tekið er fram að það sé ekki rétt að stefndi hafi breytt allri skuld stefnanda við sig í hlutafé í byrjun árs 2017. Það hafi átt við um almenn hluthafalán, en ekki til að mynda lán vegna sjónvarpsþáttarins Eyjunnar eða skammtímalán frá stefnda. Skiptastjóri gefi sér að greiðslur sem nemi tugum milljóna króna sumarið 2017 hafi verið vegna endurgreiðslu lána, en það sé fjarri lagi enda hafi stefndi verið lánveitandi stefnanda um árabíl en aldrei öfugt. Þá sé stefnanda vel kunnugt um að endanleg staða á efnahagsreikningi stefnanda hafi ekki verið rétt á því tímabili sem hann vísi til, enda hafi fyrirtækið verið í skuld hjá bókhaldsþjónustu og hafi gengið erfiðlega að fá reikninga uppfærða. Stefndi hafi orðið fyrir tjóni vegna ábyrgða og glataðra krafna sem námu vel á annað hundrað milljóna króna vegna gjaldþrots stefnanda og DV ehf.

Stefndi leggur áherslu á að krafa um riftun á veðsetningu á eignum stefnanda samkvæmt lánasamningi frá 10. júní 2017 sé gerningur á milli stefnanda og stefnda. Aftur á móti sé fjallað um yfirtöku Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á skuld stefnanda við stefnda í kaupsamningi á milli stefnanda og þess félags. Þessum kaupsamningi hafi ekki verið rift og hafi ekki verið gerð krafa um það. Stefndi eigi ekki aðild að kaupsamningnum nema sem stjórnarmaður í Pressunni ehf. og hafi undirritað hann á þeim grunni. Krafa um riftun á yfirtöku skuldar Pressunnar ehf. við stefnda geti aðeins beinst að viðsemjanda stefnanda, Frjálsri fjölmiðlun ehf. Hefði komið til riftunar þessa hluta kaupsamningsins hefði bótakröfu fyrir samsvarandi fjárhæð einnig verið réttilega beint að umræddu félagi. Komi til riftunar á einstökum greiðslum samkvæmt samningnum án þess að honum sé í heild sinni rift verði til krafa um efndir með peningagreiðslu í staðinn, sbr. til hliðsjónar 142. gr. laga 21/1991. Sé því krafist sýknu af kröfu um riftun á yfirtöku umræddrar skuldar og um endurgreiðslu 80.000.000 króna vegna aðildarskorts.

Því er mótmælt að uppfyllt séu skilyrði 137. gr. laga nr. 21/1991 til að rifta þeirri veðsetningu á eignum Pressunnar ehf. sem gert er ráð fyrir í lánasamningnum. Umrædd tryggingarréttindi hafi verið fengin um leið og lánasamningurinn var gerður. Skipti engu þótt lánsfjárhæðin hafi verið greidd út í nokkrum greiðslum á mismunandi tíma. Þá hafi það ekki þýðingu þó þinglýsing hafi ekki farið fram, enda hafi verið kveðið á um veðsetninguna í lánasamningnum sjálfum.

Því er jafnframt mótmælt að unnt sé að rifta yfirtöku Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á skuld stefnanda við stefnda með vísan til þess að um gjafagerning í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991 sé að ræða. Það sé rangt að stefndi hafi aldrei lánað stefnanda þá fjárhæð sem um ræðir og að um hafi verið að ræða yfirtöku á tilbúinni skuld. Þá sé ómögulegt að átta sig á hvernig stefnandi álykti að 80.000.000 króna af kaupverðinu hafi runnið í formi peninga til stefnda frá Frjálsri fjölmiðlun ehf. Hafi ekkert lán verið til staðar þá hafi umrætt félag ekki heldur yfirtekið neitt lán frá stefnda til stefnanda. Væri þá einnig ljóst að 80.000.000 króna hefði vantað upp á kaupsamningsgreiðslur frá Frjálsri fjölmiðlun ehf. til stefnanda. Hefði Frjáls fjölmiðlun ehf. þá fengið umrædd verðmæti afhent án veðbanda og ráðstöfunin verið til tjóns fyrir stefnanda sem nemi þessari fjárhæð. Það sé hins vegar ekki stefndi sem hafi keypt eignir af stefnanda heldur Frjáls fjölmiðlun ehf. Hefði stefndi fyrst og fremst verið að hugsa um eigin hag hefði hann ekki lánað stefnanda umrædda fjármuni og ekki gengist í allar þær persónulegu ábyrgðir sem hann gerði.

Gerð er athugasemd við umfjöllun í stefnu um skuldastöðu stefnanda við stefnda samkvæmt bókhaldi. Því sé haldið fram að hin yfirtekna skuld hafi verið mun hærri en möguleg skuld stefnanda, en stefnandi nefni engar tölur í því samhengi. Stefndi hafi einfaldlega lánað Pressunni ehf. og dótturfélögum 80.000.000 króna og tekið

tryggingu í nánar tilteknum eignum á sama tíma. Hvernig þetta hafi verið fært til bókar sé aukaatriði. Þá er áréttað að verði talið að um gjafagering hafi verið að ræða þar sem skuld að fyrrgreindri fjárhæð hafi ekki verið til staðar, þá sé það Frjáls fjölmiðlun ehf. sem hafi notið gjafarinnar, enda hafi félagið fengið 80.000.000 króna lækkun á kaupverði samkvæmt samningi við stefnanda.

Tekið er fram að veðsetning til handa stefnda í formi tryggingarbréfsins hafi ekki verið á kostnað annarra kröfuhafa. Enginn annar hafi verið til í að leggja fjármuni í félagið. Með þessu hafi verið unnt að koma félaginu og einstökum titlum í ásættanlegt horf og selja fyrir hátt verð miðað við aðstæður og tal hluthafa um félagið sem verðlaust. Þessi gerningur hafi því verið stefnanda til hagsbóta og alls ekki leitt til fjárhagslegs tjóns.

Því er jafnframt mótmælt að riftunarkrafa stefnanda fái stoð í 141. gr. laga nr. 21/1991. Telji stefnandi að Frjáls fjölmiðlun ehf. hafi sýnt af sér ótilhlýðilega háttsemi ætti að beina riftunarkröfu að því félagi, enda virðist stefnandi telja að greitt hafi verið 80.000.000 króna of lágt verð fyrir hin seldu verðmæti. Stefnandi hafi reyndar ekki sýnt fram á að fyrirsvarsmenn Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. hafi nokkuð vitað um skuldastöðu stefnda gagnvart stefnanda annað en það sem sjá megi í fyrrgreindum lánasamningi. Þá sé stefnanda tíðrætt um bókhald félagsins, en hafi samt hvorki lagt fram upplýsingar um reikninga né bókhald sem sé hönd á festandi og ekkert liggi heldur fyrir um rannsókn á bókhaldinu. Því er hafnað að stefnandi hafi verið ógjaldfær þegar umræddir gerningar áttu sér stað. Bent er á að sala eigna hafi beinlínis miðað að því að gera upp við lánardrottna og hefði það orðið raunin ef stjórn stefnanda hefði ekki með óvæntum hætti látið kröfu um gjaldþrotaskipti vegna lágrar skuldar yfir sig ganga.

Vegna skaðabóta- og endurgreiðslukröfu stefnanda er því sérstaklega mótmælt að stefndi hafi notið góðs af meintu tjóni stefnanda. Áréttað er að meint tjón stefnanda hljóti að felast í skerðingu kaupverðs sem nam þeirri skuld sem var yfirtekin, en það sé alls óljóst hvernig stefndi eigi að hafa notið góðs af þessu. Þá er upphafsdegi dráttarvaxta samkvæmt kröfum stefnanda mótmælt.

#### IV

##### *Niðurstæða*

Mál þetta varðar kröfu stefnanda um riftun á tilteknum ráðstöfunum sem hann telur stefnda hafa haft hag af. Annars vegar er um að ræða veðsetningu á tilteknum eignum stefnanda með lánasamningi og útgáfu tryggingarbréfs 10. júní 2017 og hins vegar yfirtöku Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á skuld stefnanda við stefnda samkvæmt lánasamningnum sem mælt er fyrir um í kaupsamningi stefnanda og félagsins frá 5. september 2017. Skilja verður málatilbúnað stefnda með þeim hætti að hann telji að sýkna beri hann af síðari kröfunni, sem og fjárkröfu stefnanda, vegna aðildarskorts.

Eins og rakið hefur verið seldi stefnandi Frjálsri fjölmiðlun ehf. ýmis verðmæti með kaupsamningnum 5. september 2017 og var hluti kaupverðsins greiddur með því að Frjáls fjölmiðlun ehf. tók að sér að greiða skuld við stefnda að fjárhæð 80.000.000 króna samkvæmt lánasamningi á milli hans og Pressunnar ehf. frá 10. júní 2017. Af hálfu stefnanda er byggt á því að umrætt lán hafi í reynd ekki verið veitt og skuldin því ekki verið til staðar. Vegna þessa hafi stefnandi farið varhluta af 80.000.000 króna sem hefðu átt að vera hluti af kaupverði fyrir eignir félagsins. Samkvæmt þessu er ekki byggt á því að Frjáls fjölmiðlun ehf. hafi notið góðs af þeirri ráðstöfun sem krafist er riftunar á, heldur stefndi sem hafi öðlast rétt til endurgreiðslu skuldar sem stefnandi telur ekki hafa verið fyrir hendi. Að virtum málalíbúnaði stefnanda, sem og 142. gr. laga nr. 21/1991 þar sem fjallað er um skyldu til endurgreiðslu og bótaskyldu þess sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun, verður ekki fallist á að sýkna beri stefnda af umræddum kröfum vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Þá verður ekki heldur séð að þörf hafi verið á aðild Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. að dómsmáli þessu sem er rekið samkvæmt XX. kafla laga nr. 21/1991.

Það liggur fyrir að stefndi var stjórnarformaður Pressunnar ehf. frá því að félagið var stofnað og fram til 1. desember 2017. Hann undirritaði fyrrgreindan lánasamning frá 10. júní 2017 bæði sem lánveitandi og fyrir hönd lántakans Pressunnar ehf. ásamt Arnari Ægissyni, þáverandi framkvæmdastjóra félagsins. Þá undirritaði stefndi kaupsamninginn við Frjálsa fjölmiðlun ehf. frá 5. september 2017 fyrir hönd Pressunnar ehf. sem seljanda ásamt Arnari Ægissyni. Það er óumdeilt að Pressan ehf. átti í verulegum greiðsluferfiðleikum á árunum 2016 og 2017. Það liggur fyrir að hlutfé í félaginu var hækkað í byrjun árs 2017 og verður ráðið af skýrslu stjórnar vegna hlutafjárhækkunar 12. janúar 2017 að greitt hafi verið fyrir hlutfé tiltekinn aðila, þar með talið stefnda, með umbreytingu á kröfum þeirra á hendur félaginu. Þá kom fram í skýrslu Arnars Ægissonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins hjá skiptastjóra 8. mars 2018 að í janúar 2017 hefðu allir hluthafar breytt hluthafalánnum í hlutfé og Fjárfestingafélagið Dalurinn ehf. sett 150.000.000 króna inn í félagið, en eftir þá aðgerð hefði staða stefnda í bókhaldi vegna lánardrottna staðið á núlli. Stefndi hefur mótmælt því að öllum kröfum hans á hendur félaginu hafi verið breytt í hlutfé og vísar til þess að aðeins hafi verið um að ræða hefðbundin hluthafalán.

Meðal gagna málsins er yfirlit Pressunnar ehf. yfir hreyfingar stefnda sem lánardrottins. Þar kemur fram að 4. janúar 2017 hafi staðan verið núll krónur, en áður höfðu 199.431.999 krónur verið bæði debet- og kreditfærðar. Þá er gerð grein fyrir ýmsum greiðslum frá félaginu til stefnda á tímabilinu janúar til ágúst 2017, þar með talið undir textaskýringunni „Björn Ingi \_ endurgr. lán“, „Björn Ingi \_ gr.“ og „Björn Ingi“. Það verður ráðið af yfirlitinu að 9. júní 2017 hafi stefndi skuldað stefnanda 26.466.396 krónur, en degi síðar var fyrrgreindur lánasamningur undirritaður.

Jafnframt er gerð grein fyrir fjórum greiðslum til stefnanda sem námu 100.000 krónum og einni greiðslu sem nam 250.000 krónum 2., 9., 13., 14. og 16. júní sama ár. Ráðið verður af yfirlitinu að stefndi hafi greitt félaginu annars vegar 10.000.000 króna og hins vegar 9.000.000 króna hinn 23. júní 2017, sem og 4.300.000 krónur hinn 26. sama mánaðar, en þessar greiðslur voru færðar undir textaskýringunni „Björn Ingi\_lán“ eða „Björn Ingi lána“. Með þessum greiðslum lækkaði skuld stefnda samkvæmt yfirlitinu í 3.516.396 krónur. Þá er gerð grein fyrir greiðslu frá stefnda sem nam 13.000.000 króna 21. júlí 2017, en með þessari greiðslu varð staða stefnda samkvæmt yfirlitinu jákvæð þannig að Pressan ehf. skuldaði honum 9.383.604 krónur. Síðar í júlí og fyrri hluta ágúst sama ár er gerð grein fyrir fimm greiðslum til stefnda sem námu samtals 1.260.000 krónum. Þá eru færðar á yfirlitið tvær greiðslur frá stefnda 1. september 2017, sem námu 1.500.000 krónum og 2.500.000 krónum, og er textaskýringin „Björn Ingi\_lán“. Lokastaðan samkvæmt yfirlitinu 1. september 2017 gefur til kynna að félagið hafi skuldað stefnda 12.123.604 krónur.

Stefnandi hefur krafist riftunar á yfirtöku Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á skuld Pressunnar ehf. við stefnda samkvæmt lánasamningnum frá 10. júní 2017 á þeim grunni að yfirtakan teljist vera gjafagerningur í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991. Ákvæðið hefur verið skýrt með þeim hætti að undir það falli hver sú ráðstöfun sem rýrir eignir þrotamanns og leiðir til eignaaukningar hjá þeim er nýtur góðs af henni, nema hún falli undir 3. mgr. sömu lagagreinar, enda búi gjafatilgangur að baki ráðstöfuninni. Gagnkvæmir samningar geta talist örlætisgerningar í skilningi ákvæðisins ef umtalsverður munur er á greiðslu þrotamanns og því gagngjaldi sem hann hefur fengið í staðinn, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 29. nóvember 2012 í máli nr. 208/2012.

Gerð er grein fyrir skuld Pressunnar ehf. við stefnda í umræddum lánasamningi og kemur þar skýrt fram að félagið, sem lántaki, lofi að taka að láni og stefndi, sem lánveitandi, að lána 80.000.000 króna. Þá segir að andvirði lánsins skuli renna óskipt til lántaka eða dótturfélaga hans í samræmi við fyrirmæli hans. Jafnframt kemur fram að lántaki skuldbindi sig til að endurgreiða lánið með einni greiðslu að 12 mánuðum liðnum frá undirritun samningsins.

Af hálfu stefnanda hefur verið lögð áhersla á að ekkert bendi til þess að stefndi hafi í reynd lánað félaginu þá fjárhæð sem sé tilgreind í lánasamningnum og hafi tilbúin skuld því verið yfirtekin með kaupsamningi Pressunnar ehf. og Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. Í yfirliti yfir hreyfingar stefnda sem lánardrottins í bókhaldi stefnanda, sem áður hefur verið fjallað um, er bæði gerð grein fyrir greiðslum til stefnanda og greiðslum hans til félagsins eftir að samningurinn var gerður. Jafnvel þó að greiðslur hafi verið inntar af hendi frá stefnda til félagsins, sem voru skýrðar sem lán, þá var það ekki fyrr en með greiðslunni 21. júlí 2017 sem skuldastaða stefnda

varð jákvæð. Þá gefur lokastaða yfirlitsins til kynna að stefnandi hafi skuldað stefnda 12.123.604 krónur. Samkvæmt þessu styður yfirlitið, sem er hluti af bókhaldi stefnanda, ekki að stefndi hafi lánað félaginu 80.000.000 króna eins og í lánasamningnum greinir. Stefnandi hefur einnig lagt fram yfirlit vegna bankareikninga stefnanda í Arion banka hf. og Kvikubanka hf., en þeir styðja ekki heldur að greiðslur í samræmi við lánasamninginn hafi verið inntar af hendi frá stefnda til félagsins. Gildir þar einu hvort miðað er við að útgreiðsla lánsins hafi strax farið fram eða hvort um einhvers konar lánalínu hafi verið að ræða eins og stefndi byggir á. Þá er til þess að líta að þrátt fyrir málatilbúnað stefnanda hefur stefndi ekki lagt fram gögn í því skyni að sýna fram á að greiðslur samkvæmt lánasamningnum hafi í reynd farið fram, svo sem yfirlit vegna bankareikninga sinna eða kvittanir vegna millifærslna. Það eru því aðeins staðhæfingar stefnda sjálfs sem styðja að umrædd skuld hafi í raun verið fyrir hendi, auk þess sem vitnin Arnar Ægisson, fyrrum framkvæmdastjóri stefnanda, og Sigurvin Ólafsson, sem kom að rekstri dótturfélagsins DV ehf., báru að greiðslur hefðu borist frá stefnda á árinu 2017 til að unnt væri að halda rekstri félaganna áfram. Það var brýnt tilefni til þess að stefndi styddi málatilbúnað sinn gögnum, en við aðalmeðferð málsins var af hans hálfu, eulögð áhersla á að kröfuhöfum hefði í einhverjum tilvikum verið greitt beint og greiðslur runnið beint til dótturfélaga. Eins og málið liggur fyrir hefur stefndi ekki skýrt með haldbærum hætti hvernig þær 80.000.000 króna sem hann kveðst hafa lánað stefnanda á grundvelli lánasamningsins eiga að hafa verið inntar af hendi, en bókhaldsgögn stefnanda og bankareikningar styðja það ekki.

Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar að það lán, sem gerð er grein fyrir í lánasamningnum hafi í reynd ekki verið veitt þegar kaupsamningur Pressunnar ehf. og Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. var gerður 5. september 2017. Kaupverðið hafi því að hluta verið greitt með yfirtöku á skuld, sem ekki var til staðar, og leiddi það til tjóns fyrir stefnanda sem nemur sömu fjárhæð og voru eignir félagsins minni en ella. Með þessari ráðstöfun öðlaðist stefndi rétt til greiðslu 80.000.000 króna frá öðru félagi sem ekki liggur annað fyrir en að hafi verið gjaldfært. Eins og áður greinir þar að endurgreiða skuld samkvæmt lánasamningnum 10. júní 2018 og tók Frjáls fjölmiðlun ehf. yfir þá skyldu samkvæmt skýru orðalagi kaupsamningsins. Í aðilaskýrslu stefnda var lögð áhersla á að hann ætti ekki rétt á því að fá umrætt lán endurgreitt frá Frjálsri fjölmiðlun ehf. og hefði hann engan hug á að krefjast þess. Kom meðal annars fram að stefndi hefði fengið lán frá umræddu félagi sem nam sömu fjárhæð fyrr á árinu 2017 og hann því staðið í skuld við félagið þegar kaupsamningurinn var gerður. Gögn sem varða þessi viðskipti hafa ekki verið lögð fram og þeim var ekki lýst í greinargerð stefnda að öðru leyti en því að hann hefði fengið umtalsvert fé að láni frá ótilgreindum aðila sumarið 2017 í því skyni að endurlána stefnanda. Að mati dómsins er ekki unnt

að líta til þessara skýringa heldur lagt til grundvallar að stefndi hafi öðlast rétt til endurgreiðslu 80.000.000 króna frá Frjálsri fjölmiðlun ehf., eins og kaupsamningurinn ber með sér og sá lánasamningur sem umrædd skuld er byggð á.

Samkvæmt framangreindu hefur að mati dómsins verið sýnt fram á að umrædd ráðstöfun hafi verið örlætisgerningur í skilningi 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 sem leiddi til þess að eignir þrotabús Pressunnar ehf. rýrnuðu og til eignaaukningar hjá stefnda. Þá ber stefndi í ljósi atvika, þar með talið þar sem hann sat beggja megin borðs við gerð lánasamningsins og undirritaði einnig kaupsamninginn fyrir hönd Pressunnar ehf., sönnunarbyrði fyrir því að gjafatilgangur hafi ekki búið að baki þessari ráðstöfun og að markmiðið hafi verið annað en að valda rýrnun á eignum félagsins í þágu stefnda, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 10. september 2015 í máli nr. 3/2015 og frá 29. nóvember 2012 í máli nr. 208/2012. Að virtum málatilbúnaði stefnda hefur honum ekki tekist sú sönnun og verður því tekin til greina krafa stefnanda um riftun ráðstöfunarinnar samkvæmt 1. mgr. 131. gr. laganna, en hún fór fram tveimur vikum fyrir frestdag.

Þegar riftun fer fram samkvæmt 131. til 138. gr. laga nr. 21/1991 skal sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun eða fullnustugerð greiða þrotabúi fé sem svarar til þess sem greiðsla þrotamanns hefur orðið honum að notum, en þó ekki hærrí fjárhæð en sem nemur tjóni þrotabúsins, sbr. 1. mgr. 142. gr. laganna. Ef viðsemjandi þrotamanns hefur verið grandsamur um riftanleika ráðstöfunar ber hins vegar að dæma skaðabætur. Að virtum atvikum málsins og því sem að framan greinir verður lagt til grundvallar að stefnda hafi verið kunnugt um riftanleika ráðstöfunarinnar og verður honum gert að greiða stefnanda 80.000.000 króna sem svarar til tjóns þrotabúsins, sbr. lokamálslið 1. mgr. 142. gr. laganna. Stefnandi hefur aðallega krafist dráttarvaxta frá 5. september 2017 þegar ráðstöfunin fór fram, en gegn mótmælum stefnda og að teknu tilliti til 9. gr. laga nr. 38/2001 verður ekki fallist á það. Aftur á móti verður fallist á varakröfu stefnanda um að fjárhæðin beri vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna, sem á við um skaðabætur, frá 5. september 2017 til 16. september 2018, en dráttarvexti frá þeim degi, en þá var liðinn mánuður frá því að lýst var yfir riftun og krafist endurgreiðslu.

Stefnandi hefur jafnframt krafist riftunar á nánar tilgreindum veðsetningum samkvæmt lánasamningnum og tryggingarbréfi sem var einnig gefið út 10. júní 2017, en umræddar veðsetningar voru gerðar til tryggingar á endurgreiðslu þess láns sem gerð er grein fyrir í lánasamningnum og fóru þær fram innan sex mánaða fyrir frestdag, sbr. 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991. Að virtri framangreindri niðurstöðu dómsins um að ekki liggi nægilega fyrir að umrætt lán, sem var ástæða veðsetninganna, hafi verið veitt, sem og með vísan til 137. gr. og undirstöðuraka ákvæðisins, verður fallist á kröfu stefnanda um riftun þessara veðsetninga.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.600.000 krónur, en við ákvörðun hans er litið til umfangs málsins og þess að frávísunarkröfu stefnda var hafnað

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### DÓMSORÐ:

Rift er veðsetningum Pressunnar ehf. á eignum félagsins með lánasamningi 10. júní 2017 á milli félagsins og stefnda, Björns Inga Hrafnssonar, og samkvæmt tryggingarbréfi, dagsettu sama dag, en um er að ræða eftirfarandi veðsetningar: allsherjarveð í Pressunni ehf., firmanafnið og vörumerkið „Eyjan“, vefmiðillinn [www.eyjan.is](http://www.eyjan.is) og lénið „[www.eyjan.is](http://www.eyjan.is)“, firmanafnið og vörumerkið „Bleikt“, vefmiðillinn [www.bleikt.is](http://www.bleikt.is) og lénið „[www.bleikt.is](http://www.bleikt.is)“, firmanafnið og vörumerkið „433“, vefmiðillinn [www.433.is](http://www.433.is) og lénið „[www.433.is](http://www.433.is)“, firmanafnið og vörumerkið „Pressan“ og útgáfuréttur Pressunnar.

Rift er yfirtöku Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á skuld Pressunnar ehf. við stefnda, sem nam 80.000.000 króna og byggðist á lánasamningi frá 10. júní 2017, á grundvelli kaupsamnings Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. og Pressunnar ehf. 5. september 2017.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Pressunnar ehf., 80.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. september 2017 til 16. september 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.600.000 krónur í málskostnað.

Ásgerður Ragnarsdóttir